

Nr. 106 / 13 Hvalur 8 RE 388***Skipverji slasast***

Skipaskr.nr. 0117 *IMO.nr.* 5157341
Smíðaður: Tönsberg Noregi, 1948 stál
Stærð: 480,56 brl 460,95 bt.
Mesta lengd: 48,16 m *Skráð lengd:* 44,38 m
Breidd: 8,88 m *Dýpt:* 5,19 m
Vél: Gufuvél, 1325 kW, 1948
Fjöldi skipverja: 11



Hvalur 8 ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA
Lögregluskýrsla

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 20. febrúar 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmarí Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 4. júlí 2013 var Hvalur 8 á hvalveiðum um 99 sml SV af Reykjanesi. Veður: V 3-5 m/sek.

Eftir að hvalur hafði verið skotinn var hann dreginn upp að skipinu til að koma loftspjótinu í hann til inndælingar á lofti í hann. Þegar verið var að undirbúa það að festa hvalinn á síðuna slitnaði skotlínan (hlauparinn) og slengdist hún af miklu afli upp í skipið. Einn skipverja, sem vann við að koma loftinu í hvalinn, varð fyrir tóginu svo hann féll í þilfarið.

Í samráði við lækni var þyrta kölluð út en þar sem skipið var of langt undan var beðið með brottför þar til skipið kæmi nær landi. Kl. 23:40 þegar skipið var um 65 sjómíllur SV af Reykjanesi kom þyrflan að skipinu og tók slasaða frá borði til flutnings á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn skipstjóra taldi hann að tógið hefði skorist í sundur á skutulflauginni eftir að hvalurinn hefði snúist. Fram kom að hvalurinn hefði verið óvenju mikið vafinn eftir dauðateygjurnar;
- að hálfu RNSA var haft samband við slasaða þann 18. júlí 2013 en á seinni stigum málsins mundi slasaði ekki eftir þessum framburði;
- að í bréfi slasaða sem barst RNSA 12. febrúar 2015 tilgreinir hann sem orsakapætti slyssins:

- a. Híflingabúnað sem hafi ekki verið í fullnægjandi ástandi t.d. stífur og að það hefði því þurft að hífa skotlínu út af spilinu. Eftir vertíðina hefði spilið verið tekið í gegn og þá hefði komið í ljós slæmt ástand á legum auk þess sem öxlar í kjarna trommlu hafi verið öfugir;
 - b. Nýir skutlar með flaugum sem ekki voru rúnaðar eins og á eldri gerð. Hornréttur flötur flauganna á þeim nýja hefði skorið skotlínuna í sundur en eftir atvikið hefðu þær verið rúnaðar með slípirokk;
 - c. Ófullnægjandi þjálfun manna á híflingabúnaði;
- að sögn skipstjóra og spilmanns var dráttarspilið stopp þegar hlauparinn slitnaði. Skipstjórinn sagði því að spilið hefði ekki haft neitt með slysið að gera;
 - að skipstjórinn sagði að það hefði engu breytt hvort flaugarnar hafi verið rúnaðar eða ekki þegar tógið óklárast með þessum hætti;
 - að skotlínan eða hlauparinn er 32 mm svert þriggja þátta snúið hvítt nælontóg sem getur teygst (Elongation) allt að 30 %;
 - að slasaði var ekki með hjálm en tekin var upp hjálmaskylda við vinnu á þilfari eftir slysið;
 - að sögn slasaða var hann mjög vanur hvalveiðum og verið við þær í sjö vertíðir, fyrst sem háseti svo 2. stýrimaður, yfirstýrimaður, skipstjóri og skytta.

Nefndarálit:

Orsök slyssins er líklegast sú að skotlínan skarst í sundur á skutlinum eftir að hún hafði farið utan um hvalinn.